

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1998. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

*Gjört í Reykjavík, 25. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.****Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Þorsteinn Pálsson.*

## LÖG

### um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur.

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Sveitarfélögin Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu og Reykjavík skulu sameinuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og hafa ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.

*Gjört í Reykjavík, 30. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.****Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Páll Pétursson.*